



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. apríl 2010
Tilvísun: 201004-0013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívlinun vegna endurbóta og viðhalds), 506. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívlinun vegna endurbóta og viðhalds), 506. mál.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að markmið þess eru að „... koma til móts við eigendur fasteigna sem þarfnast viðhalds en halda að sér höndum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga, sporna við svartri atvinnustarfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði en fjölmennasti hópur á atvinnuleysisrá eru þeir sem áður störfuðu við mannvirkjagerð. Frádráttarheimild hvetur til framkvæmda en það er mikilvægt eins og atvinnuástandið er nú og horfur eru á því á næstunni, m.a. í byggingargeiranum. Auk þess er almennt litið svo á að slík tímabundin heimild sé líkleg til að stuðla að minni undanskotum frá skatti og muni þar með minnka svarta atvinnustarfsemi. Að sama skapi getur frádráttarheimildin dregið úr greiðslum atvinnuleysisbóta vegna aukinna framkvæmda.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þessi markmið og mælir með því að Alþingi samþykki frumvarpið.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrásson

Ólafur Darri Andrásson
Hagfræðingur ASÍ



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/1867
komudagur 4.5.2010

Dagsetning
03.05.2010

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds), mál 506.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.


Frumvarpinu er ætlað að örva framkvæmdir við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis. Af því myndi leiða að störfum í byggingariðnaði fjölgaði, en sú atvinnugrein glímur við mikinn samdrátt nú. Frístundahús eru flest á landsbyggðinni og því er líklegt að byggingarstörfum fjölgaði sérstaklega þar, vegna þeirra reglna sem í frumvarpinu felast.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson

Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar



Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 138/1868
komudagur 4.5.2010

Reykjavík 28. apríl 2010
Tilvísun FLE 19-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um br. á lögum 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum, 506 mál.

Með tölvupósti dags. 20. apríl s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir við frumvarpið :

Almennar athugasemdir:

Frumvarpið gerir ráð fyrir að umræddur frádráttur nýtist einungis þeim sem hafi tekjur samkvæmt 1. tölulið 61. greinar laga 90/2003 þ.e. mönnum utan atvinnurekstrar, en ekki þeim sem hafi tekjur samkvæmt 3. tölulið 61. greinar sömu laga, þ.e. mönnum sem hafa með höndum atvinnurekstur.


Ekki kemur fram í frumvarpinu hvernig umræddur frádráttur skiptist milli hjóna, þ.e. fer hann allur til lækkunar á skattstofni þess sem hærri hefur tekjur eða skiptist hann jafnt. Þetta getur skipt máli í þriggja þrepa skattkerfi og einnig ef annað hjóna hefur lægri tekjur en sem frádrættinum nemur.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Frankvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. þ 138/2276
komudagur 17.5.2010



FRV
Félag
ráðgjafar-
verkfræðinga

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
bt. Helga Hjörvar formanns
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2010

Varðar: Breytingu á 60. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV) er hagsmunafélag verkfræðistofa á Íslandi.

Með 11. gr. laga nr. 128 frá árinu 2009 var m.a. gerð breyting á 60. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með breytingunni var felld út eftirfarandi heimild;

„Skattstjóri getur heimilað þeim sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilvikum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu er almennt yfir 70%“.

Efnislega hélt seinni hluti lagaákvæðisins óbreyttur og orðast 60. gr. laganna núna svo;

„Ríkisskattstjóri getur heimilað þeim sem hafa mjög breytilegar tekjur milli ára af framleiðslu og sölu eigin verka, svo sem listaverka, að telja þær tekjur til skattskyldra tekna á fleiri en einu ári, þó að hámarki fjórum árum. Einnig er ríkisskattstjóra heimilt að leyfa sams konar dreifingu á skattlagningu björgunarlauna sem áhafnir skipa, annarra en björgunarskipa, hjóta“.

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 128/2009 kemur breytingin til framkvæmda við álagningu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.

Ofangreind breyting á lögum um tekjuskatt kemur sér verulega illa fyrir fjölda verkfræðistofa sem fengið hafa heimild til tekjuuppgjörs á grundvelli 60. gr. laganna fyrir breytingu.

Í fyrsta lagi er ljóst að innheimtur vegna seldrar þjónustu verkfræðistofa eru nú oft og tíðum verulega þungar vegna bágrar fjárhagsstöðu margra fyrirtækja. Má því segja að aldrei hefur verið meiri þörf fyrir heimild til frestunar á tekjufærslu þjónustunnar. Í því sambandi má benda á að verkfræðistofur væru frekar reiðubúnar að koma að verkefnum þar sem fyrirfram er óvissa um tekjustreymi ef ekki þyrfti að fara fram tekjuuppgjör miðað við bókfærslu þjónustunnar. Niðurfelling heimildarinnar vinnur þannig gegn því að hjól atvinnulífsins fari að snúast hraðar.

Í öðru lagi má nefna til að íslenskar verkfræðistofur hafa náð nokkrum árangri við markaðssetningu erlendis, sem gefur von um frekari stoðum megi skjóta undir rekstur þeirra í nánustu framtíð. Hins vegar hafa fyrirtækin staðið þar frammi fyrir þeim veruleika að greiðslur fyrir veitta þjónustu geta verið sex til níu mánuði að skila sér. Heimild til frestunar á tekjufærslu myndi hjálpa fyrirtækjunum við verkefnaöflun erlendis á meðan hið íslenska hagkerfi er í lægð.

Í þriðja lagi kemur umrædd breyting að fullu í gildi við álagningu árið 2011 sem gefur fyrirtækjunum lítinn tíma til nauðsynlegrar aðlögunar. Uppgjörið mun valda fyrirtækjunum þungum fjárhagslegum byrðum á sama tíma og þau standa frammi fyrir miklum samdrætti í rekstri. Sú staðreynd að heimildin er felld niður án greiðslufrests eða aðlögunartíma veldur því að fyrirtækin þurfa að tekjufæra alla selda þjónustu árið 2009 og fyrr um leið og seld þjónusta árið 2010 er tekjufærð, án tillits til þess hvort tekjurnar hafi verið innheimtar. Þannig leggjast í sumum tilfellum nánast tvöfaldar byrgðar á fyrirtækin á einu ári.

Þegar horft er til vanda verkfræðistofanna verður að hafa í huga að þær byggja tilveru sína á starfsfólki með nauðsynlega þekkingu og reynslu, hvert á sínu sérsviði. Fyrirtækin hafa því lagt mikla áherslu á að halda starfsfólki í vinnu þó svo umfang og rekstur þeirra nú kalli á mun meiri samdrátt í starfsmannahaldi en orðinn er. Það tók langan tíma fyrir íslenskar verkfræðistofur að ná þeim styrk sem nauðsynlegur er til þess að geta sinnt nánast öllum þeim úrlausnarefnum sem nútíma tæknisamfélag kallar á. Slíkt er ekki sjálfgefið hjá fámennri þjóð úr alfaraleið. Umrædd skattkerfisbreyting tekur ekkert tillit til þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í rekstri þessara mikilvægu fyrirtækja og í raun eykur vanda þeirra verulega. Á sama tíma hefur tryggingagjald verið hækkað verulega en ljóst er að það gjald kemur þyngst niður á fyrirtækjum þar sem vinnupátturinn er hátt hlutfall af rekstrarkostnaði, líkt og í tilfelli verkfræðistofanna.


Með hliðsjón af framansögðu er hér með farið fram á að hið háa Alþingi beiti sér fyrir því að aftur verði sett í lög heimild til þess að miða tekjuuppgjör við innborganir líkt og var að finna í 60. gr. laga nr. 90/2003 fyrir breytingu sem gerð var með 11. gr. laga nr. 128/2009.

Verði ekki fallist á að endurvekja umrædda heimild er hér með farið fram á að gerðar verði breytingar á viðkomandi lögum er heimili að rekstraraðilum verði veittur lengri frestur til þess að gera upp „tekjuskattskuld“ sína en núgildandi lög gera ráð fyrir ellegar að heimild til frestunar á tekjufærslu verði felld niður í áföngum yfir nokkur ár. Slík áfangaskipting gæti t.d. verið þannig að árið 2010 yrði heimilt að fresta tekjufærslu á 80% af ógreiddri bókfærðri þjónustu, 60% árið þar á eftir o.s.fr.

Efnislega samhljóða bréf er sent Fjármálaráðuneytinu.

Virðingarfyllst

f.h. FRV



Magnús Baldursson frkvstj.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

17. maí 2010

Til efnahags- og skattanefndar
Frá tekju- og skattaskrifstofu

Efni: Áhrif ívilnunar vegna endurbóta á ríkissjóð og sveitarfélög (506. mál)

Á fundi efnahags- og skattanefndar Alþingis þann 11. maí sl. var óskað eftir ítarlegri kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins vegna áhrifa frumvarpsins á tekjur sveitarfélaga. Í umsögn fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins segir:

„Reiknað er með að beint tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga gæti numið allt að 1 milljarði kr., þar af yrði hlutur ríkissjóðs um 2/3 eða 670 m.kr. Gert er hins vegar ráð fyrir að lagabreytingin leiði til 10% aukningar á viðhaldsverkefnum á vegum einstaklinga. Auknar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af efniskaupum þeirrar aukningar gæti orðið um 500 m.kr. auk þess sem skatttekjur af vinnulið aukningarinnar gætu numið um 150 m.kr. og minnkuð útgjöld vegna minna atvinnuleysis um 230 m.kr. Lækkun á tekju- og útsvarsstofni einstaklinga telst vera skattstyrkur sem færast til lækkunar á tekjum, en ekki sem útgjöld.“

Samband íslenskra sveitarfélaga telur að í mati ráðuneytisins komi fram að ríkið fái aukningu sem nemi 150 m.kr. vegna skatttekna af vinnulið. Verði reyndin sú, að aukning sveitarfélaganna vegna vinnuliðarins sé sú sama (þ.e. að skatttekjurnar skiptist nokkurn veginn jafnt milli ríkis og sveitarfélaga) munu einungis 150 m.kr. koma á móti áætluðum tekjumissi upp á 330 m.kr. Telur Samband íslenskra sveitarfélaga það vera ljóst samkvæmt þeim forsendum að óbætt tekjutap sveitarfélaganna geti numið hátt í 200 m.kr. á ári, verði frumvarpið að lögum.

Áhrif frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga

Í greinargerð frumvarpsins segir „að beint tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga gæti numið allt að 1 milljarði kr., þar af yrði hlutur ríkissjóðs um 2/3 eða 670 m.kr.“ Með hugtakinu beint tekjutap er í þessu samhengi er átt við að sú lækkun sem talin er verða á tekjuskatts- og útsvarsstofninum muni ein og sér lækka tekjuskatt einstaklinga um 670 m.kr og útsvar sveitarfélaga um 230 m.kr. Það sem láðist hins vegar að taka fram með skýrum hætti í útreikningunum er að ákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir að einstaklingur sem ætlar að nýta þetta ákvæði þarf að leggja út fyrir tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fæst frá dregin frá útsvarsstofninum. Til útskýringar er tekið eftirfarandi dæmi:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hjón geti fengið 300.000 kr. frádrátt frá tekjuskattsstofni að hámarki en til þess þurfa þau að greiða að lágmarki 600.000 kr. í vinnulaun. Á jaðrinum verður að reikna með því að um sé að ræða framkvæmdir sem ella hefði ekki verið farið í, enda er það tilgangur frumvarpsins.

Hjónin fá 300.000 kr. frádrátt frá tekjuskattsstofni. Ef reiknað er með því að þau séu að borga í hæsta þrepi greiða þau 99 þús. kr. minna í tekjuskatt en þau hefðu gert ella en þau greiða einnig 40 þús. kr. minna í útsvar. Alls er skattalækkunin til þeirra um 139 þús. kr.

Til að fá skattafláttinn þurfa þau að greiða 600.000 kr. í vinnulaun til iðnaðarmannsins sem ráðinn er til verksins. Hann greiðir 114 þús. kr. í tekjuskatt af 600 þús. kr. að teknu tilliti til persónuafsláttar og 79 þús. kr. í útsvar. Sé gengið út frá því að viðkomandi iðnaðarmaður hafi verið á atvinnuleysisbótum áður en til verksins kom og fengið þar grunnbætur sem nema um

150 þús.kr. á mánuði hefur hann verið að greiða tæp 20 þús. kr. í útsvar til sveitarfélagsins. Nettóávinningur sveitarfélagsins við það að fá viðkomandi iðnaðarmann í vinnu sem mögulega hefði ekki orðið ella er því sem hér segir:

	Á mánuði þús. kr.
1. Tapaðar útsvarstekjur vegna lægri skattstofns,	-40
2. Auknar útsvarstekjur vegna viðhaldsvinnu, hærri skattstofn	79
3. Tapaðar útsvarstekjur af atvinnuleysisbótum	-20
Nettóáhrif	19

Eins og hér sést mun viðkomandi sveitarfélag hagnast um 19 þús. kr. nettó á mánuði við það að viðkomandi iðnaðarmaður fær vinnu. Hafi hins vegar iðnaðarmaðurinn þegar verið í vinnu, en einungis bætt við 300 þús. kr. verkefni vegna afsláttarins er ljóst að útsvarstekjur sveitarfélagsins haldast óbreyttar (var þegar að vinna fyrir 300 þús. kr). Það er einungis í því tilviki að viðkomandi einstaklingar/ hjón hefðu ráðist í umræddar framkvæmdir óháð því hvort frumvarpið verður að lögum að sveitarfélagið yrði af útsvarstekjum. Það er í raun það sama og að segja að frumvarpið nái ekki tilgangi sínum.

Það er því misskilningur að telja að sveitarfélögin verði af verulegum tekjum vegna ákvæða í umræddu frumvarpi. Í mati Sambands íslenskra sveitarfélaga er einnig horft fram hjá þeim óbeinu jákvæðum áhrifum sem aukin umsvif hafa á fjárhag þeirra, auknu verðmæti fasteigna og minna atvinnuleysi á þjóðarbúskapinn í heild. Það er mat fjármálaráðuneytisins að þegar á allt er litið séu tillögur frumvarpsins til hagsbóta fyrir fjárhag ríkis jafnt sem sveitarfélaga.

30.4.

Fjármálaeignaneytið

Alþingi

Erindi nr. P 138/1865

Efnah.- og skattanefnd

komudagur 30.4. 2010

Mál nr. 506 (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis).

Á fundi efnahags- og skattanefndar þann 27. apríl sl. var óskað eftir upplýsingum um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til eigenda af viðhaldi á fasteignum ásamt skýringu á því hvers vegna frádráttur manna nemi að hámarki 200.000 kr. og 300.000 kr. hjá hjónum eða samsköttuðum.

Virðisaukaskattur.

Reglum um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til eigenda af viðhaldi á fasteignum var breytt í upphafi árs 2009. Fyrir þann tíma fengust 60% af greiddum skatti endurgreidd en nú fæst hann allur endurgreiddur. Lagabreytingin hafði þau áhrif að á árinu 2009 námu endurgreiðslurnar 1.475 m.kr. en höfðu numið 1.005 m.kr árið 2008. Hækkunin er 46,7%. Mikil fjölgun varð einnig á fjölda þeirra sem fengu virðisaukaskattinn endurgreiddan. Þeir höfðu verið tæplega 6.200 en árið 2009 fengu 10.100 aðilar endurgreiðslu, sé miðað við að hver aðili hafi fengið skattinn endurgreiddan einu sinni. Stofn endurgreiðslunnar, þ.e. vinnuliður sem virðisaukaskattur var endurgreiddur af dróst hins vegar saman um 12% og meðalstærð verkefna sem sótt var um endurgreiðslur af minnkaði um næstum helming. Þetta bendir til þess að einstaklingar hafi ráðist í smærri viðhaldsverkefni hugsanlega vegna niðurgreiðslunnar, verkefni sem annars hefðu hugsanlega ekki verið unnin. Meðalstærð verkefnis árið 2009 nam rétt tæpum 600 þúsund krónum.

Hámarksfjárhæð frádráttar samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að frádráttur manna frá tekjuskattsstofni nemi að hámarki 200.000 kr. og hjá hjónum eða samsköttuðum 300.000 kr. Ef hjón ráðast í viðhaldsverkefni þar sem vinnuliðurinn er í samræmi við hámarksfrádrátt sem heimilaður er samkvæmt frumvarpinu þá má vinnuliður nema 600.000 kr. Hjá einstaklingi mætti vinnuliðurinn nema 400.000 kr. jafnvel þótt verkefnin væru að öllu leyti sambærileg. Nánari skoðun hefur leitt í ljós að einstaklingar og hjón eða samskattaðir sem eiga íbúð, greiddu á árinu 2008, álíka hátt hlutfall af tekjum sínum í skatta. Í ljósi þess ætti hámarksfjárhæð frádráttar að verða sú sama hjá einstaklingum og hjónum eða samsköttuðum. Nefna má sem dæmi íbúa í fjölbýlishúsi þar sem allir íbúar eru hjón eða samskattaðir utan einn. Viðhaldsverkefnið skiptist niður á eigendur íbúðanna og fær sá sem býr einn hlutfallslega minni frádrátt en hinir. Þá má nefna að endurgreiðsla virðisaukaskatts tekur mið af vinnu samkvæmd reikningi en ekki því hvort sá sem óskar eftir endurgreiðslunni er einstaklingur, hjón eða samskattaður. Á hinn bóginn má halda því fram að tveir einstaklingar, eins og í tilviki hjóna og sambýlisfólks, þurfi stærra húsnæði en einhleypir og voru það rökin að baki þeirri tillögu frumvarpsins um hærri frádrátt þeirra frá tekjuskattsstofni.

Til efnahags- og skattanefndar
Frá tekju- og skattaskrifstofu

Efni: Svör við spurningum nefndarinnar vegna máls nr. 506 – ívilnun vegna endurbóta og viðhalds.

1. Óskað er eftir nánari skýringum frá fjármálaráðuneyti og ríkisskattstjóra á tilteknu orðalagi í 1. efnismgr. tillögunnar sem er svohljóðandi: Heimild þessi tekur einnig til kostnaðar vegna viðhalds og endurbóta á útleigðu íbúðarhúsnæði utan atvinnurekstrar.

Eigandi íbúðarhúsnæðis sem leigir það út, án þess þó að um sé að ræða útleigu sem telst til atvinnurekstrar, er heimilt að draga frá tekjuskattsstofni kostnað vegna viðhalds og endurbóta þess þrátt fyrir að íbúðarhúsnæðið sé ekki til eigin nota.

2. Óskað er eftir að könnuð verði afstaða fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra til þess hvort tilgangur frumvarpsins um að hvetja til aukins viðhalds gefi ekki tilefni til þess að láta frádráttarheimildina gilda fram í tímann, þ.e. láta hana ekki taka til framkvæmda sem unnar hafa verið fyrir gildistöku laganna sem fyrirhuguð er á miðju ári. Er eitthvað sem stendur því í vegi?

Ekkert stendur í vegi fyrir því. Embætti ríkisskattstjóra telur framkvæmdina verða auðveldari ef sú leið verður farið að miða við gildistöku laganna. Á móti því mælir að líklega hafa einhverjir þegar farið út í framkvæmdir og gera sér væntingar um að fá kostnað vegna þeirra dreginn frá tekjuskattsstofni.

3. Nefndin samþykkti að hvetja til þess að fjármálaráðuneytið taki til skoðunar athugasemdir sveitarfélaga er lúta að heimild til endurgreiðslu skv. bráðabirgðaákvæði XV í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og bundin er við húsnæði alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

Ráðuneytið hefur ofangreindar athugasemdir sveitarfélaga til skoðunar og mun fara vandlega yfir þær.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1872
komudagur 4.S. 2010

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT


NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFIGÖTU 105
101 REYKJAVÍK


Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík, 30. apríl 2010

EFNI: Umsögn Neytendasamtakanna við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds), 506. mál.

Neytendasamtökin styðja þetta frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,

Hildigunnur Hafsteinsdóttir



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/187
komudagur 4.5.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík	3. maí 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar, dags. 20. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um tekjuskatt (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis), 506. mál.

Í ofangreindu frumvarp er lagt til að bætt verði við tekjuskattslögin ákvæði til bráðbirgða, sem heimili mönnum, að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum, að draga fjárhæð, sem varið er til vinnu á tekjuárunum 2010 og 2011 við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæði til eigin nota eða frístundahúsnæði, frá tekjuskattsstofni að ákveðnu hámarki. Frádrátturinn getur ekki orðið hærri en 50% af greiddri vinnu og að hámarki 200 þús. kr. hjá einstaklingi og 300 þús. hjá hjónum.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Sveinn Þrárnir

Ólafur Örn

Alþingi

Erindi nr. P 138/1866

DAGSETNING

Komudagur 4.5.2010

TILVÍSUN

Reykjavík, 3. maí 2010 02-2010040983

T-ums 29/10

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt - 506. mál, þskj. 893.

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. apríl 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt -506. mál, þskj. 893.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að draga frá tekjuskattsstofni manna fjárhæð sem varið er til vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæði til eigin nota eða til útleigu utan atvinnurekstrar. Hámark frádráttar yrði 200.000 kr. hjá manni og kr. 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðu sambýlissólki. Gert er ráð fyrir að framangreindur frádráttur heimilist á gjaldárunum 2011 og 2012 vegna tekjuáranna 2010 og 2011.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu sem fylgir frumvarpinu kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið hafi teljandi áhrif á útgjöld skattkerfisins verði það að lögum. Þó svo að um sé að ræða tímabundna aðgerð, sem eingöngu tekur til tveggja tekjuára, er ljóst að ráðast þarf í kostnaðarsamar aðgerðir, bæði á álagningarkerfi ríkisskattstjóra sem og virðisaukaskattskerfinu. Ríkisskattstjóri leggur því áherslu á að verði frumvarpið lögfest þá verði framtalsskilum og álagningu opinberra gjalda á þeim árum sem um ræðir raskað sem minnst. Með það að markmiði verði fyrirkomulag og framkvæmd þessa frádráttar byggð á þeim upplýsingum, sem lagðar eru fram með umsóknum um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði. Þannig verði eftir því sem frekast er kostur keyrðar saman upplýsingar úr virðisaukaskattskerfmu og launamiðakerfinu við framtöl í stað þess að bæta við sérstökum reit á framtalið þar sem framteljendur sjálfir setji inn þær fjárhæðir sem greiddar hafa verið í viðhald eða endurbætur. Með þessu móti ætti að einhverju leyti að vera unnt að koma í veg fyrir tvíverknað sem og villuhættu við færslu framteljenda á talnaleyum upplýsingum, sem yrðu þá í ósamræmi við þær fjárhæðir sem lagðar voru fram við umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Ríkisskattstjóri vill að auki vekja athygli á því að þrátt fyrir að eðli máls samkvæmt ættu að haldast í hendur gögn til grundvallar endurgreiðslu virðisaukaskatts og frádráttarbærni frá tekjuskatti, þá verður ekki framhjá því horft að oftar en ekki standa sameigendur að sameiginlegu viðhaldi á húsnæði sem hér um ræðir og nægir í því sambandi að vísa til viðhalds fjöleignahúsa auk ýmiss minna húsnæðis í sameign eins eða fleiri. Í tilvikum sem þessum standa sameigendur iðulega sameiginlega að umsókn um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, en frádrætti sem þessum yrði að skipta niður á sameigendur. Samkvæmt

upplýsingum frá Fasteignaskrá Íslands, þá flokkast um það bil 57.000 íbúðir undir að teljast sérþýli þ.m.t. tvíþýlishús og raðhús. Íbúðir í fjölþýlishúsum, 3 íbúðir eða fleiri í húsi, teljast vera um 60.000. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til íbúðarhúsa á jörðum. Þá þykir óhjákvæmilegt að benda á að sumarhúsaæign er iðulega í sameign fjölskyldna og svæðisbundin samtök sumarhúsaæigenda standa auk þess iðulega að sameiginlegum framkvæmdum. Ljóst má því vera að nái frumvarp þetta fram að ganga, þá er ófyrirséð hvaða flækjustig muni koma upp og áhrif þeirra á skattframkvæmd.

Ljóst er að leggja verður skyldur á stjórnir fjöleignahúsa um skiptingu kostnaðar við viðhald og endurbætur niður á einstaka eigendur (framteljendur), og farsælast er að sú skylda yrði lögfest og síðar nánar útfærð í reglugerð.


Að mati ríkisskattstjóra væri þannig farsælast, með hliðsjón af þeim kostnaði og miklu tæknilegu breytingum sem leggja þarf í til að útfæra þá leið sem frumvarpið kveður á um, að gerðar væru breytingar á lögum um virðisaukaskatt og sá frádráttur sem vilji er til að veita verði veittur alfarið í gegnum það kerfi með auknum endurgreiðslum. Verði ekki fallist á að fara þá leið telur ríkisskattstjóri nauðsynlegt að leggja til breytingar á frumvarpstextanum, m.a. svo unnt sé að tryggja að framkvæmdin verði sem umfangsminnst, þannig að 1. másl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Frádráttur þessi er háður því skilyrði að virðisaukaskattur hafi verið endurgreiddur í samræmi við ákvæði 2. og 3. másl. 2. mgr. 42. gr. og ákvæði XV til bráðabirgða í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og að staðið hafi verið skil á launamiðum eða verktakamiðum með þeim hætti sem ríkisskattstjóri ákveður.“

Þá bendir ríkisskattstjóri á að eðlilegt væri að sett væru lagaskilaákvæði með lögum þessum, þar sem skýrlega kæmi fram að frádrátturinn tilheyri því ári sem reikningur er gefinn út á en regla þessi felur þá í sér að kostnaður sem lagt var í á árinu 2009 gæti þá komið til frádráttar að sama skapi sem kostnaður á árinu 2011 gæti fallið niður þar sem reikningur er gefinn út á árinu 2012.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir


Ingvar J. Rögnvaldsson



Alþingi
Erindi nr. P /38/1927
komudagur 5.5.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar

Reykjavík 3. maí 2010

Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

0911001SA
Málalykill: 401

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt - 506. mál

Frumvarpið barst Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar, með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 20. apríl sl.

Samkvæmt greinargerð er frumvarpið flutt til þess að bregðast við aðstæðum í efnahagslífinu. Lagt er til að mönnum verði heimilt að draga fjárhæð, sem varið er til vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og frístundahúsnæði frá tekjuskattstofni að tilteknu hámarki. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimildin verði tímabundin og komi til frádráttar tekjuskattstofni við álagningu opinberra gjalda vegna tekjuáranna 2010 og 2011.

Með heimildinni eru eigendur fasteigna sem þarfnast viðhalds hvattir til þess að hefjast handa og ráðast í verklegar framkvæmdir, sem ella hefðu setið á hakanum vegna efnahagsástandsins. Markmið frumvarpsins eru þannig skýr, en fyrirfram er á hinn bóginn óvíst hverjar undirtektir húseigenda verða. Binda má þó vonir við að ívilnun geti orðið ákvörðunarstæða hjá töluverðum hópi.

Samband Íslenskra sveitarfélaga telur þessi markmið frumvarpsins út af fyrir sig vera góðra gjalda verð. Um er að ræða ráðstöfun sem hafa mun jákvæð áhrif á atvinnuástand og umsetningu í sveitarfélögunum, auk þess sem hamlað er gegn svartri atvinnustarfsemi.

Sambandið telur mikilvægt að vinna gegn stöðnun og að allra leiða sé leitað til þess að efla atvinnustarfsemi. Sú krafa er hins vegar jafnframt gerð, að ráðstafanir af þessu tagi séu kostnaðarmetnar í samræmi við samkomulag þar að lútandi milli ríkisstjórnarinnar og sambandsins, dags. 30. desember 2005.

Kostnaðaráhrifum frumvarpsins er lýst í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Þar segir: „Reiknað er með að beint tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga gæti numið allt að 1 milljarði kr., þar af yrði hlutur ríkissjóðs um 2/3 eða 670 m.kr.“ Af þessu má áætla að lögfesting frumvarpsins kunni að minnka tekjur sveitarfélaganna um 330 mkr., vegna frádráttar frá útsvarsstofni.

Fyrir liggur að meiri umsvif á byggingamarkaði munu mynda ákveðið mótvægi við tekjumissinn. Hverju þetta skili sveitarfélögunum er hins vegar algerlega óljós skv. umsögn fjármálaráðuneytisins og hvernig meiri umsvif á byggingamarkaði muni koma fram í auknum atvinnutekjum í þeim greinum. Bent er á að við mat á skatttekjum af vinnulið verður m.a. að skoða hvernig ætla megi að atvinnutekjur verði taldar fram. Hafa má í huga að fátítt mun



núorðið að iðnaðarmenn í hefðbundnu húsviðhaldi séu með rekstur á sinni persónulegu kennitölu, þannig að framtaldar atvinnutekjur munu fyrst og fremst verða reiknað endurgjald.

Af umsögn fjármálaráðuneytis verður ekki annað séð en að ríkissjóður muni bæta sér upp tekjumissinn og vel það. Þannig gefur ráðuneytið sér, að á móti áætluðum tekjumissi upp á 670 mkr. komi auknar tekjur af virðisaukaskatti sem nemi 500 mkr., skatttekjur af vinnulið sem nemi 150 mkr. og minnkuð útgjöld vegna minna atvinnuleysis upp á 230 mkr. Samtals eru þetta allt að 880 mkr. sem gefa ríkissjóði jákvæða niðurstöðu upp á 210 mkr.


Í mati sínu telur fjármálaráðuneytið að ríkið fái aukningu sem nemi 150 mkr. vegna skatttekna af vinnulið. Verði reyndin sú, að aukning sveitarfélaganna vegna vinnuliðarins sé sú sama (þ.e. að skatttekjurnar skiptist nokkurn veginn jafnt milli ríkis og sveitarfélaga) munu einungis 150 mkr. koma á móti áætluðum tekjumissi upp á 330 mkr. Er ljóst samkvæmt þeim forsendum að óbætt tekjutap sveitarfélaganna geti numið hátt í 200 mkr. á ári, verði frumvarpið að lögum.

Að teknu tilliti til þessa fer sambandið fram á að efnahags- og skattanefnd leiti eftir ítarlegra kostnaðarmati frá fjármálaráðuneytinu og þar sem m.a. verði greint í hvaða hlutföllum ætla megi að tekjumissirinn verði bættur, annars vegar ríkinu og hins vegar sveitarfélögum.

Að lokum bendir sambandið á að í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að einnig hafi verið til athugunar að gera tillögu um frádrátt vegna aðkeyptrar heimilishjálpar til aldraða og öryrkja. Sambandið telur þá tillögu einnig góðra gjalda verða og styður að hún verði skoðuð rækilega.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1839
komudagur 29.4.2010



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. apríl 2010

Efni: Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt sé að draga frá tekjuskattsstofni kostnað sem fellur til vegna endurbóta eða viðhalds á íbúðarhúsnæði til eigin nota og frístundarhúsnæðis að ákveðnu marki.

Samiðn telur þetta geta örvað viðhaldsframkvæmdir og aukið atvinnu og mælir því með að frumvarpið verði samþykkt.

F.h. Samiðnar

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds) þsk 893 – 506. mál

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur sent Samtökum iðnaðarins til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 90/2003, um tekjuskatt, 506. mál.

Samtök iðnaðarins (SI) hafa fjallað um frumvarpið í sínum hópi og lýsa yfir stuðningi við frumvarpið.

Markmið frumvarpsins er að rjúfa kyrrstöðu sem er á byggingamarkaði og örva eftirspurn eftir vinnu iðnaðarmanna og hönnuða og með sömu aðgerðum að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi.

Byggingamenn og starfsfólk í almennri mannvirkjagerð eru sá þjóðfélagshópur sem harðast hefur orðið fyrir barðinu á samdrætti og atvinnuleysi í kjölfar kreppunnar. Starfsfólk úr mannvirkjagreinum er jafnframt fjölmennasti hópurinn á atvinnuleysisrá.

Frumvarpinu er einungis ætlað að örva og hvetja til framkvæmda við endurbætur og viðhald. Þar með er þáttur nýbygginga undanskilinn. Að áliti SI er full þörf á að grípa til sömu úrræða varðandi nýbyggingar íbúða- og frístundahúsnæðis.

Á vordögum í fyrra voru samþykkt lög sem heimila 100 % endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingastað. Til þess að ná fram sömu áhrifum með þessu frumvarpi sem er til umsagnar, hefði mátt hækka endurgreiðsluhlutfallið í 110 eða 115 % og láta það jafnframt ná til nýframkvæmda við íbúða- og frístundahúsnæði. Þessari hugmynd er hér með komið á framfæri, þar sem frumvarpið sem nú er til umsagnar og lögin um endurgreiðslu af VSK af vinnu frá því í fyrra eru hvorutveggja tímabundnar ráðstafanir. Þegar dregur nær þeim tímamörkum að þær falla úr gildi er hugmynd SI um 110 eða 115% endurgreiðslu vel umhugsunar virði.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Árni Jóhannsson
Forstöðumaður mannvirkjasviðs



Alþingi
Erindi nr. P 138/1869
komudagur 4.5.2010

29. apríl 2010
SI-62720

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með skeyti dags. 20. apríl 2010 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um afslátt frá tekjuskatti einstaklinga vegna launagreiðsla við endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði, 506. mál á 138. þingi.

Tilgangur frumvarpsins er að auka starfsemi í byggingageiranum og skapa með því atvinnu, en jafnframt að draga úr svartri vinnu og undanskotum. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytis áætlað að miðað við 10% aukingu á umfangi viðhalds muni tekjurýrnun ríkissjóðs og sveitarfélaga nema 1 ma.kr., en að á móti gætu komið um 500 m.kr. vegna óbeinna skatta af byggingarefni, 150 m.kr vegna skatta af auknu vinnumagni og 230 m.kr. vegna minni kostnaðar atvinnuleysistrygginga. Fjárhæðirnar virðast miðaðar við skattaárið.

Að leitað sé sérstakra og skynsamlegra leiða til að auka atvinnu við núverandi aðstæður er æskilegt að því gefnu að nauðsynlegum aðhaldsaðgerðum í opinberum fjármálum sé jafnframt fylgt eftir. Ef hlutföll tekju- og gjaldahreyfinga líkjast því sem fjárlagaskrifstofa áætla, njóta húseigendur verulegs ábata ef frumvarpið verður að lögum og um 100 launamenn í byggingarstarfsemi fá talsvert hærri tekjur en nemur atvinnuleysisbótum. Beinn kostnaður hins opinbera að frádregnum tekjuauka verður lítil eða um 120 m.kr. á ári samkvæmt áætluninni. Einhver annarrar umferðar áhrif gætu orðið af auknum tekjum launamanna og aukinni neyslu, en á móti vega ruðningsáhrif hjá húseigendum, sem kynnu að fresta neyslu til að flýta framkvæmdum. Ástæða gæti verið til að kanna þetta samspil betur. Að öðru leyti tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 138/1981
komudagur 6.5.2010



Alþingi – nefndarsvið,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 5. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um tekjuskatt (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis). – 506. mál.

Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið nefnt frumvarp til umsagnar. Samtökin telja frumvarpið, ef af lögum verður, verði til þess að fallið að hvetja eigendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis til þess að ráðast í endurbætur og viðhald á eignum sínum. Að mati samtakanna er hér um jákvæða aðgerð að ræða sem líkur eru á að hafi jákvæð áhrif á byggingagreininna sem er sú atvinnugrein sem hvað harðast hefur farið út úr efnahagsþrengingunum. Aukin umsvif í byggingagreininni eru augljóslega til þess fallin að bæta erfiða stöðu hinna fjölmörgu verslunar- og þjónustufyrirtækja sem þjóna byggingafyrirtækjunum. Þau fyrirtæki hafa ekki síður orðið fyrir skakkaföllum en byggingafyrirtækin sjálf.

Það er út af fyrir sig alltaf álitamál við hvaða upphæðir á að miða við stuðningsaðgerðir sem þessar. Að mati samtakanna væri vert að skoða vel hvort ekki mætti hækka hámarksupphæðina sem frádrátturinn getur numið. Því er beint til nefndarinnar að skoða vel þann möguleika að hækka upphæðina í kr. 300.000 hjá manni og kr. 450.000 hjá hjónum eða sambúðarfólki.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til að mæta á fund til að gera betur grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessu máli.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. D 138/1873
komudagur 4.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (506. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tímabundna frádráttarbærni útgjalda vegna endurbóta og viðhalds íbúðar- og fristundarhúsnæðis.

Viðskiptaráð fagnar öllum aðgerðum stjórnvalda er snúa að því að koma hjólum atvinnu lífsins í gang aftur og sporna þannig gegn atvinnuleysi og frekari tekjumissi ríkissjóðs. Yfirstandandi efnahagsferfiðleikar hafa leikið byggingariðnaðinn sérlega grátt og ætla má að þetta frumvarp, líkt og þær endurgreiðslur á virðisaukaskatti sem kynntar voru á síðasta ári, muni gera þar einhverja bragabót á. Það verður hins vegar ekki undan því lítið að fjárhagsstaða ríkissjóðs og sveitarfélaga er einkar bágborin um þessar mundir og líkur eru á að tekjustofnar rýrni frekar og útgjöld aukist næstu misseri. Það verður því að huga afar vel að öllum breytingum á skattkerfinu sem eru til þess fallnar að rýra tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga enn frekar. Þá skiptir jafnframt miklu að flækjustig skattkerfisins verði ekki aukið um of, en sú staðreynd að frumvarpi þessu er ætlaður takmarkaður gildistími dregur úr líkum á því.

Þrátt fyrir að gera megi fyrirvara við forsendur í greinargerð frumvarpsins um vænt áhrif á stöðu ríkissjóðs þá tekur Viðskiptaráð undir rökstuðning greinargerðarinnar, þ.e. að forsendur séu til að ætla að breytingar frumvarpsins geti dregið úr svartri atvinnustarfsemi, bætt atvinnustig og lækkað þannig greiðslur vegna atvinnuleysisbóta. Allar aðgerðir í átt að bættu atvinnustigi auka skatttekjur ríkissjóðs og vega þannig að einhverju leyti upp hugsanlegt tekjutap eða útgjöld, líkt og reifað er í athugasemdum frumvarpsins. Er hér um grundvallaratriði að ræða sem Viðskiptaráð hefur ítrekað bent á undanfarin misseri. Með því að auka umsvif í hagkerfinu með hagfelldu skattkerfi er lagður grunnur að aukinni skattheimtu og að sama skapi er stuðlað að samdrætti í skatttekjum með því að draga úr umsvifum með flóknu og íþyngjandi skattkerfi. Í þessu ljósi kemur vart á óvart að innheimtur tekjuskattur einstaklinga og óbeinir skattar fyrstu mánuði ársins sé undir áætlunum ráðuneytisins og að innheimtur tekjuskattur fyrirtækja sé 30% lægri en á sama tímabili í fyrra.¹

Líkt og áður segir þá er það góðra gjalda vert að stuðla að auknum umsvifum í byggingariðnaði til skemmri tíma lítið með sértækum lausnum af þessu tagi. Á næstu misserum og til langframa verður hins vegar að róa öllum árum að auknum umsvifum í hagkerfinu samhliða því sem ráðist er að rót vandans, sem liggur í ósjálfbærum rekstri hins opinberra. Halli á rekstri ríkissjóðs á þessu ári stefnir í 100 ma. kr. og ljóst er af áætlunum AGS að viðtækar skattahækkningar undanfarin missera duga

¹ Sjá Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2010, fjármálaráðuneytið dag. 19.4.2010.

skammt til að brúa þennan mikla halla.² Það skiptir því öllu að ráðist verði í endurskipulagningu á rekstri hins opinbera með það að markmiði að draga verulega úr útgjöldum. Líkt og Viðskiptaráð hefur fjallað um þá er verulegt aðlögunarsvigrúm til staðar og það verður að nýta.³ Til að koma í veg fyrir að mikil skerðing á þjónustu hljótist af slíkum aðgerðum er hægt að mæta niðurskurði útgjalda með aukinni skilvirkni í kerfinu. Áráðni forsvarsmanna og starfsmanna LSH á þessu sviði sýna svo ekki verður um villst að það verkefni er fjarri því að vera óyfistíganlegt. Aðrar stofnanir ríkisins ættu að taka þessa vinnu innan LSH sér til fyrirmyndar auk þess sem stórefla þarf eftirfylgni stjórnvalda og nefndarinnar við aðhaldsmarkmið fjárlaga.⁴

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur nefndina og stjórnvöld til að horfa á heildarmyndina og leggjast í vinnu tengda skattkerfinu sem miðar að því að auka umsvif í hagkerfinu.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs

² Sjá skýrslu AGS í tengslum við aðra endurskoðun efnahaagsáætlunarinnar, dags. 8.4.2010, bls. 40.

³ Sjá skýrslu VÍ, *Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar*, dags. 16.12.2009.

⁴ Sjá m.a. skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikninga 2008 og mat á framkvæmd fjárlaga fyrstu 8 mánuði ársins 2009.